

Fundargerð

Aðalfundur Foreldrafélags Menntaskólans í Reykjavík, haldinn 6. desember 2017, kl. 20:00 í hátíðarsal skólans.

Samkvæmt dagskrá var fundarstjóri (Þórður Helgason) kosinn.

Fundarstjóri bað formann að stíga í pontu og gera grein fyrir **ársskýrslu** stjórnar og gera grein fyrir störfum hennar og starfsemi félagsins. Fjallað var um tilgang og markmið foreldrafélagsins (**sjá ársskýrslu 2016-2017**) og um störf síðasta vetrar. Þau fólust m.a. fræðslufund um svefnvandamál sl. vetur og aðgerða vegna styttingu náms í framhaldsskólum landsins- en skólinn og foreldrafélagið höfðu lýst sig andsnúin þeim ráðahag.

Foreldrafélagið leggur áherslu á að fylgja þessu máli eftir og að gefa þurfi gaum að árangri og brottfalli í tengslum við þessa miklu breytingu á menntakerfinu.

Fundarstjóri sté þar næst í pontu og bar upp **reikninga félagsins**. Innistæða hans er nú 1.195.112 kr, en foreldrafélagið styrkti síðast fjóra nemendur sem tóku þátt í Ólympíukeppni í líffræði og lagði til fé fyrir hjartastuðtæki í skólann ásamt stólum í eina stofu Gamla skóla.

Félagsgjald er nú 4000 kr. og er valkvætt.

Næst var gengið til kosninga á nýjum stjórnarmeðlimum. María Soffía Gottfreðsdóttir verður áfram formaður. Áfram í stjórn verða Gylfi Magnússon, Kristín Halldórsdóttir og Þórður Helgason. Nýir í stjórn eru Sigríður Björnsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen, Katrín Heiðar, Sigríður Hermannsdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir. Úr stjórn fara Magnús Gottfreðsson, Sigurður Emil Pálsson, Kristín Ólafsdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir. Þeim voru þökkuð góð störf.

Eftir hefðbundin aðalfundarstörf og kosningu í stjórn félagsins var flutt fræðsluerindi. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, aðjúnkt íþróttافرæðisviði HR og sérfræðingur hjá rannsóknnum og greiningu kynnti rannsóknir á líðan unglunga og flutti erindið: "Hvernig líður unglungum í námi í Menntaskólanum í Reykjavík"

Sigríður Björnsdóttir